

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 19. mars 2021.

Mál nr. 739/2019:

Ásbjörn Ólafsson ehf.

(Páll Rúnar M. Kristjánsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Ólafur Helgi Árnason lögmaður)

Lykilorð

Tollur. Skattur. Stjórnarskrá. Endurgreiðsla.

Útdráttur

Í málinu krafðist Á ehf. endurgreiðslu á fjárhæðum sem hann hafði innt af hendi til Í vegna greiðslna fyrir tollkvóta vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá ríkjum Evrópusambandsins á grundvelli 65. gr. B búvörulaga nr. 99/1993, sbr. 5. mgr. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005. Í dómi Landsréttar kom fram að ráðherra hefði á því tímabili sem mál þetta tók til haft heimildir til að setja ákvæði í reglugerð um það hvernig velja skyldi á milli þeirra sem gerðu tilboð í tollkvóta og við hvaða boð, eða aðra fjárhæð, skyldi miða hið álagða gjald. Samkvæmt framangreindu og í ljósi hins fortakslausa banns 40. gr. og 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar við því að stjórnvöld ákveði hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema yrði skattlagningarheimild 3. mgr. 65. gr. búvörulaga, eins og hún hljóðaði á þeim tíma sem atvik málsins gerðust, ekki talin samrýmast fyrrgreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Álagning gjalda þeirra sem málið varðaði studdist samkvæmt þessu ekki við lögmæta skattlagningarheimild og var því ógild. Samkvæmt framansögðu var fallist á endurgreiðslukröfu Á ehf. vegna oftekinna gjalda fyrir tollkvóta.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir, Jóhannes Sigurðsson og Oddný Mjöll Arnardóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 6. nóvember 2019. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 1. nóvember 2019 í málinu nr. E-406/2019.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndi verði dæmdur til að greiða honum 17.410.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 af 1.560.000 krónum frá 14. maí 2018 til 27. desember sama ár en af 17.410.000 krónum frá þeim degi til 28. janúar 2019 og með dráttarvöxtum

samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Áfrýjandi stundar innflutning og sölu matvara og krefst í máli þessu endurgreiðslu úr hendi stefnda að fjárhæð 17.410.000 krónur vegna greiðslna 14. maí og 27. desember 2018 fyrir tollkvóta vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá ríkjum Evrópusambandsins. Sundurliðast stefnufjárhæðin þannig að annars vegar er um að ræða greiðslu að fjárhæð 1.560.000 krónur vegna úthlutunar 7. maí 2018 á tollkvóta samkvæmt reglugerð nr. 318/2018 og hins vegar greiðslu að fjárhæð 15.850.000 krónur vegna úthlutunar 18. desember á tollkvóta samkvæmt reglugerð nr. 1045/2018. Í báðum tilvikum var um innflutning á kjöti og kjötvörum að ræða. Framangreindar reglugerðir voru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 65. gr. B búvörulaga nr. 99/1993.
- 5 Óumdeilt er í málinu að þær greiðslur fyrir tollkvóta sem málið varðar teljast skattur í skilningi 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. dóm Hæstaréttar 21. janúar 2016 í máli nr. 317/2015. Þá er enginn tölulegur ágreiningur í málinu.

Málsástæður aðila

Málsástæður áfrýjanda

- 6 Við fyrirtöku máls þessa í héraði 15. október 2019 var bókað í þingbók að áfrýjandi félli frá „málsástæðum um magntolla og umfjöllun í stefnu varðandi WTO-tollkvóta, sem ekki eiga við í þessu máli“. Við aðalmeðferð í Landsrétti var því jafnframt lýst yfir að hann félli frá þeim málsástæðum sínum að tollkvótarnir sem málið varðar fælu í sér afslátt af valkvæðri skattlagningarheimild, að álagning hins umdeilda gjalds væri andstæð 1. mgr. 120. gr. tollalaga og að tilvísanir tollalaga til viðauka við löginn væru rangar og stæðust ekki þær kröfur sem gera yrði til skýrleika lagaheimilda auk þess sem viðaukarnir hefðu ekki verið birtir með fullnægjandi hætti. Loks var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda að ekki væri byggt á því að tollkvóta í málinu hefði verið úthlutað á grundvelli 64. gr. A búvörulaga nr. 99/1993, heldur væri um að ræða tollkvóta sem úthlutað hefði verið á grundvelli reglugerða nr. 318/2018 og 1045/2018, sem settar hafi verið með heimild í 5. mgr. 12. gr. tollalaga og 65. gr. B búvörulaga.
- 7 Samkvæmt framangreindu byggir áfrýjandi nú einungis á því í málinu að um sé að ræða tollkvóta sem ráðherra úthlutar á grundvelli 65. gr. B búvörulaga, sbr. 5. mgr. 12. gr. tollalaga, en um þá úthlutun skyldi fara eftir þágildandi ákvæði 3. mgr. 65. gr. búvörulaga. Áfrýjandi byggir á því að fjárhæð hins umdeilda gjalds hafi ekki verið ákveðin í lögum með nægilega skýrum hætti og uppfylli lagaheimildir til gjaldtökunnar því ekki þær kröfur sem gerðar séu til fullgildrar sköttunarheimildar samkvæmt 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Skattlagning þurfi að byggjast á

skýrum og hlutlægum viðmiðum sem fram komi í lögum þannig að raunveruleg álagning skatts ráðist af lögunum en hvorki af mati né ákvörðun viðkomandi stjórnvalds. Hvergi sé kveðið á um það í lögum hversu hátt gjaldið eigi að vera né við hvað það skuli miðað. Þess í stað taki gjaldtakan breytingum í samræmi við eftirspurn eftir tollkvóta án þess að löggjafinn taki nokkra afstöðu til þess. Sé framsal skattlagningarvalds til ráðherra ólögmaett sé því síður hægt að framselja það til gjaldenda sjálfra í gegnum útboð tollkvóta. Samkvæmt aðferð 3. mgr. 65. gr. búvörulaga við skattlagningu taki ráðherra jafnframt afstöðu til tilboða í tollkvóta og leggi hana til grundvallar ákvörðun um fjárhæð skattsins hverju sinni án aðkomu löggjafans. Af þessu leiði að mishár skattur sé lagður á innflutning á sömu vörum og ólíka skattaðila, sem feli í sér mismunun í andstöðu við 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu sambandi skipti einnig máli að sú úthlutun tollkvóta sem málið varði feli í sér takmörkun á atvinnufrelsi áfrýjanda, sbr. 75. gr. stjórnarskrárinnar.

- 8 Áfrýjandi byggir einnig á því að í 5. gr. tollalaga sé kveðið á um þá meginreglu að greiða skuli toll samkvæmt svokallaðri tollskrá við innflutning vöru. Í niðurlagi 1. mgr. 5. gr. tollalaga segi jafnframt að aðra tolla og gjöld, sem mismuni innlendum og innfluttum framleiðsluvörum, megi ekki leggja á vöruna við innflutning. Taka gjalds fyrir tollkvóta feli í sér að innlendum og innfluttum framleiðsluvörum sé mismunað í andstöðu við þetta lagaákvæði.
- 9 Þá vísar áfrýjandi til þess að álagning gjaldsins samrýmist ekki skuldbindingum Íslands samkvæmt samningi Íslands og Evrópusambandsins um ívilnanir í viðskiptum með landbúnaðarvörur sem áritaður var 17. september 2015. Samkvæmt samningnum skuli innflutningur á grundvelli tollkvóta fyrir þær vörur sem falla undir samninginn vera tollfrjáls auk þess sem Ísland hafi skuldbundið sig til að grípa ekki til annarra ráðstafana sem takmarki slíkan innflutning. Álagning gjaldsins sé ósamrýmanleg þessari samningsskuldbindingu ríkisins.

Málsástæður stefnda

- 10 Stefndi mótmælir öllum málsástæðum áfrýjanda og byggir á því að ákvæði þágildandi 3. mgr. 65. gr. búvörulaga feli í sér fullnægjandi skattlagningarheimild. Með því að lagaákvæðið hafi mælt fyrir um skyldu til útboðs hafi ekki verið fyrir hendi heimildir stjórnvalda til að fara með mál með öðrum hætti. Þá sé aðferðafræði við töku gjalds fyrir tollkvóta og fjárhæð þess nægilega skýrt ákveðin í lögum með vísan til þess að útboð skuli fara fram þar sem gjaldið ákvarðist þá af tilboðum aðila á markaði. Sú aðferð tryggi jafnræði og gjaldið sé skýrt að því leyti að fyrir liggi hver sé bjóðandi og hvað hann bjóði fyrir tollkvótann. Komi þannig með skýrum hætti fram í lögum hver sé skattskyldan og skattstofninn auk þess sem ljóst sé hvernig fjárhæð skattsins skuli ákvörðuð. Þá er því hafnað að tollkvótar feli í sér ólögmeta mismunun innlendra og innfluttra vara í andstöðu við 1. mgr. 5. gr. tollalaga enda séu tollkvótar ívilnandi

auk þess sem útboðsgjald leggist ekki á við innflutning vöru. Loks brjóti gjaldtakan ekki gegn þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands.

Niðurstaða

- 11 Svo sem að framan greinir byggir áfrýjandi fyrir Landsrétti einungis á því að um sé að ræða tollkvóta sem ráðherra úthlutar vegna innflutnings landbúnaðarafurða frá ríkjum Evrópusambandsins á grundvelli 65. gr. B búvörulaga, sbr. 5. mgr. 12. gr. tollalaga. Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. B búvörulaga fór um þá úthlutun eftir þágildandi ákvæði 3. mgr. 65. gr. laganna. Þótt í stefnu hafi verið vísað til ýmissa annarra lagaákvæða en hinna framangreindu verður ekki talið að með þessu hafi áfrýjandi komið fram með nýja málsástæðu fyrir Landsrétti enda ljóst að málið hefur frá upphafi verið rekið á þeim grundvelli meðal annars að ekki hafi legið fyrir fullnægjandi skattlagningarheimild í lögum vegna álagningar hins umdeilda gjalds auk þess sem ljóst er af gögnum málsins að þar er um að ræða úthlutun svokallaðs ESB-tollkvóta á framangreindum lagagrundvelli.
- 12 Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. tollalaga skal greiða toll af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins, eins og mælt er fyrir í tollskrá í viðauka I með lögnum. Tollur skal lagður sem verðtollur á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 14. til 16. gr. laganna og sem magntollur á vörumagn eftir því sem greinir í tollskrá samkvæmt framangreindum viðauka. Jafnframt er í 1. mgr. 5. gr. kveðið á um að aðra tolla og gjöld, sem mismuna innlendum og innfluttum framleiðsluvörum, megi eigi leggja á vöruna við innflutning.
- 13 Samkvæmt 20. tölulið 1. gr. tollalaga er tollkvóti tiltekið magn vöru sem flutt er inn á lægri tollum en getið er um í 5. gr. laganna. Í 12. gr. laganna er nánar kveðið á um tollkvóta sem ráðherra sem fer með málefni landbúnaðar úthlutar. Í 5. mgr. 12. gr. segir að ráherra úthluti tollkvótum samkvæmt öðrum skuldbindingum Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum í fríverslunar- og milliríkjasamningum en þeim sem tilgreindar eru í 1. til 3. mgr. 12. gr., enda sé tollur lagður á vöruna sem magntollur eftir því sem í tollskrá í viðauka I greini. Um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari málsgrein fari samkvæmt 65. gr. B búvörulaga. Ákvæði 5. mgr. 12. gr. tollalaga kom nýtt inn í lögin með lögum nr. 16/2007 en samkvæmt skýringum í frumvarpi til þeirra laga var tilefni setningar ákvæðisins meðal annars fyrsti samningur Íslands og Evrópusambandsins um tvíhliða viðskipti með landbúnaðarvörur.
- 14 Á þeim tíma sem atvik máls þessa gerðust hafði samningur Íslands og Evrópusambandsins um ívilnanir í viðskiptum með landbúnaðarvörur sem áritaður var 17. september 2015 tekið gildi en þar var meðal annars kveðið á um tollfrjálsa innflutningskvóta sem Ísland veitti Evrópusambandinu. Samningurinn tók gildi 19. október 2017 og var gerður á grundvelli 19. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið.

- 15 Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. B búvörulaga úthlutar ráðherra tollkvótum sem tilgreindir eru í 5. mgr. 12. gr. tollalaga og fer um úthlutun þeirra eftir ákvæðum 65. gr. laganna. Á þeim tíma er atvik máls þessa áttu sér stað var 3. mgr. 65. gr. laganna svohljóðandi: „Heimilt er að skipta tollkvótum upp í einingar. Tollkvótum skal úthlutað til ákveðins tíma, allt að einu ári í senn. Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og skal andvirðið þá renna í ríkissjóð. Endurúthluta má tollkvótum sem ekki eru nýttir innan þess frests sem tilgreindur er við úthlutun kvótans.“ Jafnframt var kveðið á um það í 5. mgr. 65. gr. laganna að ráðherra birti í reglugerð þær reglur sem giltu um úthlutun tollkvóta samkvæmt þeirri grein, þar sem meðal annars skyldi koma fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tollataxtar, viðurlög við misnotkun og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skyldu gilda.
- 16 Sú úthlutun tollkvóta sem mál þetta varðar fór fram á framangreindum grundvelli, eins og nánar var kveðið á um í reglugerðum nr. 318/2018 og 1045/2018. Í báðum reglugerðum var sett fram tafla um vörumagn, tímabil innflutnings og verð- og magntoll en samkvæmt þeim skyldi meðal annars heimilt að flytja inn tiltekið magn af kjötvörum, sem tilgreindar voru í númeruðum vöruliðum og sem upprunnar væru í ríkjum Evrópusambandsins, án verð- og magntolla. Tollkvótum skyldi úthlutað samkvæmt auglýsingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem birt væri á heimasíðu þess, þar sem tilgreindir væru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Í 4. gr. beggja reglugerða, sem átti við um þann innflutning kjötvara sem mál þetta varðar, var kveðið á um að bærust umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta næmi skyldi leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Jafnframt var kveðið á um að tilboð skyldu ráða úthlutun og að sá tilboðsgjafi er hæst byði skyldi leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.
- 17 Í dómum Hæstaréttar 21. janúar 2015 í málum nr. 317/2015, 318/2015 og 319/2015 var komist að þeirri niðurstöðu að eldra ákvæði 3. mgr. 65. gr. búvörulaga, þar sem fram kom að þegar umsóknir bárust um meiri innflutning vöru en tollkvóta hennar nam hverju sinni, hefði ráðherra frjálst val um það hvort hlutkesti skyldi ráða úthlutun eða hvort leita skyldi tilboða í heimildir samkvæmt tollkvótunum, hefði farið í bága við 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, enda fælist í þeirri skipan að ráðherra gæti einhliða ákveðið hvort greiða skyldi gjald fyrir tollkvóta eða ekki. Í kjölfar þeirra dóma var ákvæði 3. mgr. 65. gr. búvörulaga breytt með lögum nr. 45/2015 og felld niður heimild ráðherra til að láta hlutkesti ráða úthlutun. Eftir sem áður var kveðið á um það í lokamálslið 3. mgr. 65. gr. laganna að ráðherra væri heimilt í stað úthlutunar tollkvóta að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana giltu. Í dómum Héraðsdóms Reykjavíkur 14. nóvember 2017 í málum nr. E-187/2017, E-188/2017 og E-495/2017, sem ekki var áfrýjað, var komist að þeirri niðurstöðu að sú heimild fæli einnig í sér of viðtækt framsal skattlagningarvalds til framkvæmdavaldsins og væri þar með í andstöðu við framangreind ákvæði

stjórnarskrárinnar. Í kjölfar þeirra dóma var 3. mgr. 65. gr. búvörulaga enn breytt, nú með lögum nr. 102/2016. Með þeirri lagabreytingu var felld úr gildi heimild ráðherra til að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana gilda. Á þeim tíma sem atvik máls þessa gerðust stóð þannig eins og að framan greinir einungis eftir í 3. mgr. 65. gr. búvörulaga að bærust umsóknir um meiri innflutning en sem næmi tollkvóta vöru skyldi leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og að ráðherra skyldi birta í reglugerð nánari reglur þar um, auk þess sem kveðið var á um úthlutunartímabil og heimild til að endurúthluta kvóta sem ekki væri nýttur. Sem fyrr greinir kom það síðan fram í reglugerðum nr. 318/2018 og 1045/2018, sem innheimta hins umdeilda gjalds hvíldi á, að tilboð skyldu ráða úthlutun tollkvóta og að sá tilboðsgjafi er hæst byði skyldi fá úthlutaðan tollkvóta gegn greiðslu í samræmi við tilboð sitt.

- 18 Eftir að atvik máls þessa gerðust hefur ákvæði 3. mgr. 65. gr. búvörulaga enn verið breytt, nú með lögum nr. 152/2019, þar sem eftirfarandi ákvæðum var meðal annars bætt við í nýjum 7. til 9. málslíð: „Við útboð tollkvóta skulu valin hæstu verðtilboð í tiltekið magn þar til magni tollkvóta sem til ráðstöfunar er hefur verið náð. Verð tollkvótans fyrir öll valin verðtilboð ræðst að svo búnu af verði lægsta valda tilboðsins í hverjum vörulið. Gildir það verð þá jafnframt fyrir önnur hærri og valin tilboð sé þeim til að dreifa. Séu fleiri en einn þátttakandi með tilboð jöfn lægsta samþykkt tilboði skal úthlutað hlutfallslega.“ Þá var nýverið samþykkt svohljóðandi bráðabirgðaákvæði við búvörulög, sbr. lög nr. 136/2020: „Þrátt fyrir 7.–9. málsl. 3. mgr. 65. gr. skal verð tollkvóta frá og með gildistöku ákvæðis þessa til 1. ágúst 2022 ráðast af fjárhæð tilboða hverju sinni. Kvótanum verður því fyrst úthlutað til hæstbjóðanda, svo til þess er næsthæst bauð og þannig koll af kolli uns tiltækum kvóta hefur verið úthlutað.“ Fyrirmæli 3. mgr. 65. gr. búvörulaga, um að berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vöru skuli leita tilboða í heimildir til innflutnings, hafa þrátt fyrir framangreindar lagabreytingar haldist óbreytt.
- 19 Með dómum Hæstaréttar 21. janúar 2015 í málum nr. 317/2015, 318/2015 og 319/2015 var því slegið föstu að gjaldtaka fyrir tollkvóta á grundvelli 65. gr., sbr. 65. gr. B búvörulaga teldist skattheimta að því leyti að lagaheimildir til hennar þyrftu að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til fullgildrar sköttunarheimildar í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt verður talið leiða af 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 14. gr. og 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu sem veitt var lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994, að gjaldið verði að leggja á eftir almennum efnislegum mælikvarða og þannig að gætt sé jafnræðis, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 21. október 1999 í máli nr. 64/1999. Ágreiningur aðila um hvort fullnægjandi skattlagningarheimild hafi verið fyrir hendi í málinu hverfist um það hvort þágildandi ákvæði 3. mgr. 65. gr. búvörulaga fullnægi framangreindum kröfum.

- 20 Samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar má engan skatt á leggja né breyta né af taka nema með lögum og í 1. mgr. 77. gr. hennar segir einnig að skattamálum skuli skipað með lögum. Eftir breytingu 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar með stjórnarskipunarlögum nr. 95/1995 er jafnframt kveðið á um það í ákvæðinu að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Í skýringum við ákvæðið í frumvarpi til þeirra laga segir meðal annars að með því hafi verið leitast við að taka af skarið, með miklu ákveðnari hætti en áður, um að löggjafinn megi ekki framselja ákvörðunarrétt um þessi atriði til framkvæmdarvaldsins, heldur verði að taka afstöðu til þeirra í lögum. Í ákvæðinu felst því fortakslaust bann við því að almenni löggjafinn heimili stjórnvöldum að ákveða hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 1999 í máli nr. 64/1999. Í ákvæðum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar felst samkvæmt framangreindu nánar tiltekið að kveða verði á um skattskyldu og skattstofna í lögum auk þess sem taka þurfi í lögum rökstudda afstöðu til fjárhæðar gjaldsins, sbr. dóm Hæstaréttar 23. mars 2017 í máli nr. 213/2016.
- 21 Eftir þær breytingar á ákvæði 3. mgr. 65. gr. búvörulaga, sem gerðar voru í kjölfar þeirra dóma Hæstaréttar og Héraðsdóms Reykjavíkur sem getið er í málsgrein 17 hér að framan, er með skýrum hætti kveðið á um skattskyldu þeirra sem fá úthlutað tollkvóta, auk þess sem úthlutaður tollkvóti er þar skilgreindur sem skattstofn. Er atvik máls þessa áttu sér stað var aftur á móti enn aðeins kveðið á um það í 3. og 5. mgr. 65. gr. laganna að tollkvótar skyldu boðnir út og að ráðherra setti nánari reglur um úthlutunina í reglugerð. Eins og glögglega má ráða af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á ákvæði 3. mgr. 65. gr. búvörulaga á árunum 2019 og 2020 hafði ráðherra á þeim tíma sem mál þetta tekur til heimildir til að setja ákvæði í reglugerð um það hvernig velja skyldi á milli þeirra sem gerðu tilboð í tollkvóta og við hvaða boð, eða aðra fjárhæð, skyldi miða hið álagða gjald. Samkvæmt framangreindu, og í ljósi hins fortakslausa banns 40. gr. og 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar við því að stjórnvöld ákveði hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema, verður skattlagningarheimild 3. mgr. 65. gr. búvörulaga, eins og hún hljóðaði á þeim tíma sem atvik málsins gerðust, ekki talin samrýmast ákvæðum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Álagning gjalda þeirra sem málið varðar studdist samkvæmt þessu ekki við lögmæta skattlagningarheimild og var því ógild. Að fenginni þeirri niðurstöðu eru ekki efni til að fjalla um aðrar málsástæður sem áfrýjandi byggir á varðandi lögmæti gjaldheimtunnar.
- 22 Samkvæmt framangreindu ber stefnda að endurgreiða áfrýjanda 17.410.000 krónur vegna oftekinna gjalda fyrir tollkvóta. Með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda, verður jafnframt fallist á vaxtakröfu áfrýjanda.

- 23 Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti, sem ákveðst í einu lagi eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði áfrýjanda, Ásbirni Ólafssyni ehf., 17.410.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 1.560.000 krónum frá 14. maí 2018 til 27. desember 2018, en af 17.410.000 krónum frá þeim degi til 28. janúar 2019, og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 2.300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

Rétt endurrit staðfestir

19.3.2021

Gjald: 2.400 kr.

